

**Fundargerð samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
vegna Félags grunnskólakennara**

99. fundur samstarfsnefndar Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara og Samband íslenskra sveitarfélaga var haldinn þriðjudaginn 15. júní 2021. Fundurinn fór fram í fjarfundi á Teams og hófst hann kl. 15:30.

Fundinn sátu f.h. FG, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir, Jón Ingi Gíslason og Karl Óttar Pétursson. F.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, Harpa Ólafsdóttir, Inga Rún Ólafsdóttir, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Bjarni Ómar Haraldsson sem einnig ritaði fundargerð.

Þá var gengið til dagskrár:

1. Réttur kennara til yfirvinnugreiðslu vegna breytinga sem gerðar voru á kennsluskyldu innan vinnuvikunnar á neyðarstigi almannavarnarlaga. - Málsnr. 2106028SA

Til FG leitaði kennari sem ráðinn var til kennslu á skólaárinu 2020 – 2021 í 19 kestim á viku auk einnar kestim í yfirvinnu eða samtals 20 kestim á viku. Skv. vinnuskýrslu átti kennslan að fara fram á 4 dögum frá mánudegi til fimmtudags. Á neyðarstigi almannavarnarlaga var starfsskyldum hans breytt sbr. tilmæli sóttvarnaryfirvalda og í stað þess að kenna framangreinda kennsluskyldu frá mánudegi til fimmtudags var kennsluskyldu dreift niður á alla daga vikunnar og föstudegi þar með bætt við sem kennsludegi.

Óskað er eftir áliti samstarfsnefndar um hvort kennarinn eigi rétt á yfirvinnu vegna þeirra kennslustunda sem færðar voru yfir á föstudag þegar vinnuskyldu skv. vinnuskýrslu var breytt á neyðarstigi almannavarnarlaga?

Niðurstaða:

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þessu máli.

SNS vill bóka eftirfarandi:

Með vísan til bráðabirgðaákvæðis II. í lögum um almannavarir nr. 82/2008 er skólastjórnendum heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfsskyldur og flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum við slíkar aðstæður. Þannig er heimilt að gera breytingar sbr. þær að víkja frá vinnuskýrslu tímabundið og færa kennsluskyldu til milli vikudaga án þess að til komi sérstök yfirvinnugreiðsla. Til rökstuðnings framangreindri skoðun vill SNS benda á að í greinargerð með lögum nr. 27/2020, Lög um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, með síðari breytingum (borgaraleg skylda opinberra aðila), stendur:

„Ráðherra setur reglur um almannavarnastig á grundvelli laga um almannavarnir. Núgildandi reglugerð um almannavarnastig er nr. 650/2009 um flokkun almannavarnastiga. Samkvæmt henni eru almannavarnastigin þrjú talsins, þ.e. óvissustig, hættustig og neyðarstig. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig og tilkynnir ráðherra er fer með málefni almannavarna til að tryggja tengsl við ríkisstjórnina. Aðgerðir ráðast af almannavarnastigi en við þær allar gegna ríki og sveitarfélög mikilvægu hlutverki. Hættustund telst vera fyrir hendi í skilningi þess ákvæðis þegar ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir hæsta almannavarnastigi samkvæmt reglugerð um flokkun almannavarnastiga, eða hefur lýst því yfir að það sé yfirvofandi. Samkvæmt núgildandi reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009 er hæsta almannavarnastig neyðarstig. Í dæmaskyni má nefna að aðgerðir sem miða að því að hindra útbreiðslu farsóttta geta falist í því að færa fólk til í störfum með ýmsum hætti. Sama á við um viðbrögð og aðgerðir til að viðhalda almannabjónustu á hættustundu vegna annarrar vár. Mögulega þarf að færa bjónustu af starfsstöð þannig að t.d. dagbjónustu fatlaðra og/eða aldraðra verði sinnt í heimaþjónustu, kennslu hjá menntastofnunum verði sinnt í fjarkennslu eða gerðar verði kröfur um að starfsmenn vinni heima.“

Í framangreindri greinargerð stendur síðan um 1. gr.:

„Tímabundnar tilfærslur í störfum eða breyting á starfsskyldum og vinnustöðum með heimild í þessu ákvæði eru ekki bundnar ákvæðum kjarasamninga enda er um að ræða borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að starfsmenn haldi óbreyttum launakjörum og fái greidda yfirvinnu ef starfsskyldur umfram hefðbundna vinnuskyldu þeirra aukast.“

FG vill bóka eftirfarandi:

FG hafnar því að skilja megi bráðabirgðaákvæði II. í lögum um almannavarir nr. 82/2008 svo að heimilt sé að setja fólk í nauðungarvinnu.

Tekist var á gildi þessa bráðabirgðarákvæðis í dómi Félagsdóms nr. 12/2020 þar sem málsvarnir atvinnurekanda fyrir því að greiða ekki samkvæmt kjarasamningi voru þau að þetta hefði verið nauðsyn vegna neyðarástands og að þetta hafi verið heimilt með vísan til bráðabirgðaákvæði laga 82/2008. Kjaradómur hafnar þessu og telur þessi lög ekki réttlæta að vikið sé frá því að greiða samkvæmt kjarasamningi.

Þessi niðurstaða er í samræmi við orðalag ákvæðisins sem og það sem segir í greinargerð bæði með 1. gr. laga nr. 27/2020 og 1. gr. laga nr. 16/2021 þar sem fram kemur að verið sé að veita heimild

til að breyta vinnuskyldu aðila, þ.e. hvað hann gerir en að greiða verði fyrir það samkvæmt kjarasamningi.

Þá vill FG vekja athygli á því að í ákvæðinu er *forgangur á hættustund* ekki skilgreint og því ekki ljóst við hvað skal miða þegar talað er um neyðarástand.

2. Krafa Félags grunnskólakennara um að félagsmönnum sé greitt fjarkennsluálag skv. gr. 1.6.3 á neyðarstigi almannavarnarlaga. - Málsnr. 2106029SA

Athygli Félags grunnskólakennara hefur verið vakin á því að starfsmenn hafi ekki fengið fjarkennsluálag þegar starfsskyldum grunnskólakennara var breytt úr staðkennslu í fjarkennslu á neyðarstigi almannavarnarlaga. Skv. grein 1.6.3 í kjarasamningi aðila skal greiða 50% álag sé kennt í fjarkennslu. Hafa vinnuveitendur vísað til þess að ákvæðið um fjarkennslu eigi ekki við á neyðarstigi almannavarnarlaga með vísan til bráðabirgðaákvæðis II. Í lögum um almannavarnir nr. 82/2008.

Niðurstaða:

Ekki náðist sameiginleg niðurstaða í þessu máli.

SNS vill bóka eftirfarandi:

Með vísan til bráðabirgðaákvæðis II. í lögum um almannavarnir nr. 82/2008 er skólastjórnendum heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar starfsskyldur og flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum við slíkar aðstæður. Þannig er heimilt að breyta starfsskyldum sem felast í staðkennslu í fjarkennslu meðan neyðarstig almannavarnarlaga er í gildi án greiðslu álags sbr. grein 1.6.3.

Til rökstuðnings framangreindri skoðun vill SNS benda á að í greinargerð með lögum nr. 27/2020, Lög um breytingu á lögum um almannavarnir nr. 82/2008, með síðari breytingum (borgaraleg skylda opinberra aðila), stendur:

„Ráðherra setur reglur um almannavarnastig á grundvelli laga um almannavarnir. Núgildandi reglugerð um almannavarnastig er nr. 650/2009 um flokkun almannavarnastiga. Samkvæmt henni eru almannavarnastigin þrjú talsins, þ.e. óvissustig, hættustig og neyðarstig. Ríkislögreglustjóri tekur ákvörðun um almannavarnastig og tilkynnir ráðherra er fer með málefni almannavarna til að tryggja tengsl við ríkisstjórnina. Aðgerðir ráðast af almannavarnastigi en við þær allar gegna ríki og sveitarfélög mikilvægu hlutverki. Hættustund telst vera fyrir hendi í skilningi þess ákvæðis þegar ríkislögreglustjóri hefur lýst yfir hæsta almannavarnastigi samkvæmt reglugerð um flokkun almannavarnastiga, eða hefur lýst því yfir að það sé yfirvofandi. Samkvæmt núgildandi reglugerð um flokkun almannavarnastiga nr. 650/2009 er hæsta almannavarnastig neyðarstig. Í dæmaskyni má nefna að aðgerðir sem miða að því að hindra útbreiðslu farsóttta geta falist í því að færa fólk til í störfum með ýmsum hætti. Sama á við um viðbrögð og aðgerðir til að viðhalda almannaþjónustu á hættustundu vegna annarrar vár. Mögulega þarf að færa þjónustu af starfsstöð þannig að t.d. dagþjónustu fatlaðra og/eða aldraðra verði sinnt í heimaþjónustu, kennslu hjá menntastofnunum verði sinnt í fjarkennslu eða gerðar verði kröfur um að starfsmenn vinni heima.“

Í framangreindri greinargerð stendur síðan um 1. gr.:

„Tímabundnar tilfærslur í störfum eða breyting á starfsskyldum og vinnustöðum með heimild í þessu ákvæði eru ekki bundnar ákvæðum kjarasamninga enda er um að ræða borgaralega skyldu starfsmanna opinberra aðila. Frumvarpið gerir ráð fyrir því að starfsmenn haldi óbreyttum launakjörum og fái greidda yfirvinnu ef starfsskyldur umfram hefðbundna vinnuskyldu þeirra aukast.“

FG vill bóka eftirfarandi:

FG hafnar því að skilja megi bráðabirgðaákvæði II. Í lögum um almannavarir nr. 82/2008 svo að heimilt sé að setja fólk í nauðungarvinnu.

Tekist var á um gildi þessa bráðbirgðarákvæðis í dómi Félagsdóms nr. 12/2020 þar sem málsvarnir atvinnurekanda fyrir því að greiða ekki samkvæmt kjarasamningi voru þau að þetta hefði verið nauðsyn vegna neyðarástands og að þetta hafi verið heimilt með vísan til bráðabirgðaákvæði laga 82/2008. Kjaradómur hafnar þessu og telur þessi lög ekki réttlæta að vikið sé frá því að greiða samkvæmt kjarasamningi.

Þessi niðurstaða er í samræmi við orðalag ákvæðisins sem og það sem segir í greinargerð bæði með 1. gr. laga nr. 27/2020 og 1. gr. laga nr. 16/2021 þar sem fram kemur að verið sé að veita heimild til að breyta vinnuskyldu aðila, þ.e. hvað hann gerir en að greiða verði fyrir það samkvæmt kjarasamningi.

Þá vill FG vekja athygli á því að í ákvæðinu er *forgangur á hættustund* ekki skilgreint og því ekki ljóst við hvað skal miða þegar talað er um neyðarástand.

3. Önnur mál

Engin önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 16:00.